



Fræðslunefnd FUNDUR – 2. apríl 2007

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduós bæjar mánudaginn 2. apríl 2007, kl. 17:30 í Dómsal að Hnjúkabyggð 33. Mæting samkvæmt undirskriftum. Helga Kristín Gestsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Skóladagatal veturinn 2007 - 2008
2. Opnun skóladagheimilis 2007 - 2008
3. Þagnarskylda
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Skóladagatal veturinn 2007 - 2008

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri kynnti hugmyndir og drög að skóladagatali fyrir veturinn 2007 - 2008. Farið var yfir nokkrar tillögur frá starfsfólki, foreldraráði og nemendum. Nefndin kom með nokkrar ábendingar sem skólastjóri tekur til skoðunar.

2. Opnun skóladagheimilis 2007 - 2008

Formaður lagði fram tillögu að opnun skóladagheimilis á óhefðbundnum dögum þ.e. undirbúningsdögum sem eru á starfstíma skóla og fyrir hádegi á foreldradögum sem eru 3,5 dagar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Þagnarskylda

Í framhaldi af námskeiði fyrir skólanefndir sem fræðslunefnd sótti til Akureyrar kom upp umræða um þagnarskyldu og verklagsreglur í nefndum. Nefndin leggur fram tillögu um að nefndar- og áheymarfulltrúar í nefndum Blönduós bæjar gangist við þagnarskyldu með formlegum hætti.

4. Önnur mál.

Þórhalla kynnti viðbótartíma fyrir nemendur sem eru að fara í samræmd próf.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40

Helga Kristín Gestsdóttir (sign.)

Jakobína Halldórsdóttir (sign.)

Sunna Gestsdóttir (sign.)

Árný Þ. Árnadóttir (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Ólafur Sigfús Benediktsson, fulltrúi kennara (sign.)

Anna Kr. Davíðsdóttir, fulltrúi foreldra (sign.)

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri (sign.)